

Fundargerð Aðalfundar Foreldrafélags Sjálandsskóla 17. Janúar 2019

Löglega var boðað til fundarins og hann haldinn í Sjálandsskóla kl 20:10

Hjörtur Jónsson talar fyrir hönd félagsins og kynnir stjórnina:

Eva Hrönn Jónsdóttir formaður

Eva Rós Stefánsdóttir gjaldkeri og ritari

Hjörtur Jónsson meðstjórnandi

Jóhannes Kjartansson meðstjórnandi

Pórhildur Ólafsdóttir meðstjórnandi

Þá fer Hjörtur lauslega yfir starf Grunnstoða, Eva Hrönn og Jóhannes hafa setið fundi fyrir félagið þar, einnig kynnir hann starf skólaráðs og foreldraráðs.

Þá er kosið í hlutverk á fundinum.

Hjörtur Jónsson kosinn fundarstjóri

Eva Rós Stefánsdóttir kosin fundarritari

Farið yfir starf foreldrafélagsins skólaárið 2017 – 2018:

- Jólaskemmtun rifjuð upp – þar skemmti Hildur söngkona og leiddi samsöng
- Páskabingóið rætt – það var ekki haldið í fyrra en áhugi er fyrir að endurvekja það næsta vor
- Farið yfir fræðslufundi Grunnstoða sem bar heitið : Vináttufærni, hagir og líðan.
- Farið yfir Innileguna og hvernig það starf fer fram en það er stærsta verkefni félagsins og slúttar skólaárinu.
- Farið yfir forvarnarviku Grunnstoða sem var um haustið bar heitið: Verum saman – höfum gaman og var í öllum grunnskólum Garðabæjar.
- Rætt um Facebook síðu foreldrafélagsins, það að síðan mætti vera virkari og gagnvirkari líka. Einnig ræddur möguleikinn á að breyta fyrirkomulagi hennar og hvort viðeigandi væri að breyta henni úr like síðu yfir í lokaðan hóp.

Grunnstöð kynnt ítarlega:

Jóhannes tekur við og segir frá starfseminni. Þar séu 2 fundir á ári með bæjarstjóra sem séu oft þungir. Þá fer hann með punkta frá foreldrafélaginu og ber undir á bæjarstjórafundi. Oftast eru það punktar varðandi öryggismál við skólann og telur hann að það beri árangur. Einnig ræðir hann gagnlega fræðslufundi og að þetta sé hagsmunavettvangur fyrir foreldra þar sem samtal sé við aðra fulltrúa foreldrafélaga.

Skólaráð kynnt ítarlega, þar hefur Eva Hrönn sótt fundi fyrir okkur. Skólaráð er samráðsvettvangur skólustjóra og skólasamfélags um skólahald.

Velferðarsjóður kynntur sem er sjóður sem var stofnaður fyrir mörgum árum af velunnurum skólans.

Farið í Aðalfundarmál

- Engar lagabreytingartillögur á dagskrá
- Reikningar kynntir og samþykktir
- Kosning í stjórn: tilkynnt að Þórhildur Ólafsdóttir, Eva Hrönn Jónsdóttir og Jóhannes Kjartansson hætta en Arna Friðriksdóttir, Ásta Kristjánsdóttir og Nína Snorradóttir bjóða sig fram
- Auglýst eftir skoðunarmanni (þurfa að vera tveir): Ragnhildur Aðalsteinsdóttir hættir og Jóhannes Kjartansson bíður sig fram en Vigdís Ólafsdóttir situr áfram
- Auglýst eftir framboðum í foreldraráð og stafið útlistað um leið: Eva Björk Jónsdóttir bíður sig fram, Eva Rós situr fyrir hönd foreldrafélagsins
- Ábending kemur um lagabreytingu, breyta þannig að orðalagið sé að að lágmark 3 foreldrar séu í stjórn félagsins.
- Félagsgreiðslur ræddar, hvort og hvernig hægt sé að koma í veg fyrir að gjaldið sé sent á báða foreldra en engin góð né auðveld lausn finnst svo ákveðið er að halda þeim í óbreyttu fyrirkomulagi. Eins er ákveðið að halda gjaldinu óbreyttu.

Þá er farið í önnur mál og öryggis- og bílastæðamál rædd. Minnst a hættu varðandi brú og hraða af hjólaumferð. Hugmynd kviknar hvort hægt væri að virkja eldri borgara til að sinna gæslumálum við gangbrautir. Jóhannes segir frá því að bæjarverkfræðingur hafi fengið EFLU verkfræðistofu til að gera skýrslu varðandi öryggismál við skóla í Garðabæ eftir að ábending kemur úr sal um hvort það hafi verið farið í mat á öryggismálum við skólann. Rætt hvernig sé hægt að nýta skýrsluna og hvað hafi gerst eftir útgáfu hennar. Þá voru öryggismyndavélar rædda og gagnsemi þeirra.

Fundinum slitið 21:22